
FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Langar þig ekki til að skyggnast inn í framtíðina, að ég tala nú ekki um fortíðina? Tek að mér slíkan lestur fyrir þig. Upplýsingar í síma 552-1189.

Erla

FÉLAGSFUNDIR 2013

Félagsfundir Lífssýnar verða haldnir í Bolholti 4, 4. hæð í sal Rósarinnar kl. 20:30. Eru þeir alltaf 1. þriðjudag í hverjum mánuði frá október fram í maí.

Félagsfundur þriðjudaginn 2. apríl 2013

Þriðji félagsfundur ársins verður þann 2. apríl n.k. Fyrirlesari verður Valgerður H. Bjarnadóttir og fyrirlesturinn kallar hún "Gyðjan í gegnum aldirnar"

www.lifssyn.is

Lífssýnarfélagar, fylgist með auglýsingum á heimasíðunni okkar, www.lifssyn.is. Endilega skráið ykkur á gestalistann á heimasíðunni, til að fá tölvupóst um starfsemina. Látið okkur vita ef þið óskið eftir að fá fréttabréfið í venjulegum pósti. Auglýsingum í dagblöðunum verður hætt. Minnum á facebook síðuna okkar.

HELSTU (T)ENGLAR LÍFSSÝNAR

Ari Magnússon 552-7977
Bergþóra Andrésdóttir 566-7051
Jón Hrafn Hlöðversson 551-8884
Jóhanna Viggósdóttir 552-4707
Kolbrún Guðjónsdóttir 566-6295
Þórunn Karlsdóttir 552-5907

Ámundi Sigurðsson 562-5324
Erla Stefánsdóttir 552-1189
Jóhanna Steingrimsdóttir 567-2623
Katrín Þorvaldsdóttir 551-2327
Kristín Gunnlaugsdóttir 552-7870
Þóra Björg Þórisdóttir 562-5324

Kæru vinir

Heilagur Ágústínus segir svo: „Drottinn, ég var eins og villuráfandi sauður, ég leitaði áhyggjusatlega að þér ytra en þú bjóst við mér hið innra. Ég gekk um stræti og torg og í borgum þessa heims og leitaði þín. Ég fann þig ekki, því ég leitaði hið ytra að honum, sem bjó innra með mér sjálfum“.

Lifum-finum-hlustum-sjáum hinn mikla fögnuð er streymir innra með okkur. Nálgist í þögn hæðir ykkar eigin raunveruleika. Opnið vitundina fyrir samhljómi frá Guði. Munið að Hann býr innra með ykkur, neisti úr hinum Guðlega eldi er fylgir okkur á braut lífsgöngunnar.

Góða ferð.

Erlan

FASTAN 7. – 28. apríl

Hin árlega fasta Lífssýnarfélaga verður í apríl n.k. Hefst hún nánar tiltekið fyrsta sunnudag eftir páska þann 7. apríl klukkan **17:30**, í Bolholti 4 og ljúkum við henni þremur vikum síðar með fjallgöngu og vígslu sunnudaginn 28. apríl.

Fastan er liður í hjálparstarfi Hvítbræðra- og systra og er gefin okkur fyrir milligöngu Erlu. Tilgangurinn með föstunni er ekki að leggja ýmsar kvaðir á líkamann, ekki neinn venjulegur „kúr“ enda er ekki um sveltí að ræða, heldur sá að hreinsa efnisbústaðinn og tengja saman alla þætti okkar með ákveðnu mataræði, hugleiðslum og æfingum.

Fastan stendur yfir í 21 dag og henni lýkur með fjallgöngu og vígslu. Við vígsluna fá þátttakendur nýtt hugform eða merki í huglíkamann og viss vitundarbreyting á sér stað. Takmarkið fyrir hvern og einn sem tekur þátt í föstunni er að ganga í gegnum þetta ferli alls sjö sinnum á ævinni.

Þátttökugjald er 5000,-.

Þátttakendur geta skráð sig hjá:

Jóhönnu Viggósdóttur – johannaviggisdottir@hotmail.com

Kolbrúnu Guðjónsdóttur – kolbrun52@simnet.is

Erlu Stefánsdóttur – s. 552 1189.

SMÁ – SÖNN FRÁSÖGN

Eitt sumar, var ég í heimsókn á Jótlandi hjá dönskum afa mínum. Hafði ég gaman að því að fara inn í skóginn með flautuna mína og spila. Þyrptust þá að mér litlir og stórir pan-álfar. Kom að því að ég villtist og fann ekki stíginn til baka. Eru álfar oft stríðnir og í þessu tilfalli voru þeir búnir að rugla mig endanlega. Þegar ég kom að krossgötum, var ég orðin svekkt svo ég settist og hugleiddi litla stund. Sá ég þá eins og blóm spretta upp úr jörðinni, blá líkast og stórar “gleymmérei”. Opna ég svo augun og þarna var stígurinn. Var eins og ég sæi hann til enda en hinn lá bara inn í þéttari skógi. Það var farið að skyggja en “afi” tók brosandi á móti mér, eins og hann væri orðinn smeykur. Ég lærði af þessu að það borgar sig ekki að vera einsömul á ferð úti í skógi.

Erla

SÝNING

Kæru Lífssýnarfélagar og vinir.

Þann 23.03.2013, laugardag fyrir Pálmasunnudag verður sýning á ýmsum þeim myndum sem ég hef skynjað og teiknað. Verður hún haldin í Hafnarborg í Hafnarfirði. Opnað verður kl. 15:00. Ef þið eigið myndir eftir mig og viljið lána, má hafa samband við mig í síma 552-1189 eða 896-9689.

Ég kem til með að sýna m.a. kortin af Ísafirði, Hafnarfirði og andlega trimmkortið af Elliðaárdalnum, svo sýni ég kortið af Akureyri og bændagistingakort úr Borgarfirði og Kjósinni.

Einnig verða til sýnis og sölu meistaramyndirnar úr bókinni „Lífssýn mín“ í plakatformi.

Væri ekki gaman að finna sína gömlu árumynd á sýningunni?

Verið velkomin kæru vinir.

Erlan.

EFTIRMÁLI

Því miður er til fólk sem á erfitt með að fóta sig í þessum efnisheimi, því vitundin tilheyrir öðru tilverustigi. Það á gott með að fljúga og njóta náttúrunnar, er bjart og skínandi, bæði hér og í öðrum heimum, með lifandi og litríkar áur. Ég þekki nokkra sem hafa farið of snemma eins og við erum von að segja, en hver veit? Er það Guð?

Góða ferð inn í ljósheima kæri vin.

Erla